

Umhverfisstofnun hefur mótttekið beiðni Mosfellsbæjar, dags. 15. júlí 2021, um umsögn vegna tillögu að hönnun göngustígs innan svæðis nr. 139. á náttúruminjaskrá, Varmá.

Varmá er á náttúruminjaskrá og ná mörk svæðisins yfir ána frá upptökum og til ósa. Varmá er eitt fárra varmavatna á landinu og hefur mikið vísindalegt gildi. Skv. 4. mgr. 37. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skal forðast að að raska svæðum eða náttúrumyndunum sem skráðar hafa verið á C-hluta náttúruminjaskrár nema almannahagsmunir krefjist þess og annarra kosta hafi verið leitað.

Í kjölfar úttektar á ástandi göngustígs sem liggur með bökkum Varmár kom í ljós að ráðast þyrfti í endurbætur á stígnum. Stígurinn liggur víða meðfram árbökkum Varmár og hefur látið á sjá vegna vatnavaxta og flóða. Ástandið er hvað verst á um 1 km löngum kafla frá brúnni austan við dælustöð Veitna, meðfram íbúðarhúsum við Reykjamel og að Bjargsvegi. Skoðaðir voru tveir möguleikar á að verja stíginn og bæta aðgengi að svæðinu. Annars vegar að bakki Varmár verði styrktur og byggður upp með hleðslum upp fyrir flóðahættu og hins vegar að byggður verði látlaus timburstígur í núverandi legu stígsins sem áin getur flætt undir og yfir. Í frumhönnun landslagsarkitekta hjá Landslagi er gert ráð fyrir að lagfærður stígur geti legið að mestu eða öllu leyti í núverandi legu stígsins. Þar sem stígurinn er hvað verst farinn og aðstæður eru erfiðar gæti reynst þörf á að hliðra stígnum lítillaga til suðurs og fjær bakkanum. Niðurstaða úttektarinnar var að timburpallur sé talinn betri kostur en að styrkja bakka árinna með hleðslum. Hætta er á að hleðslan myndi þrengja farvega árinna, skolast í burtu í flóðum og skapa frekari flóða og rofvandamál annarstaðar. Á móti myndi timburstígurinn að hluta til ná út í ána á köflum.

Umhverfisstofnun metur að timburstígurinn valdi minna raski á ánni en grjóthleðslur og því ekki líklegur til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins verði vandað til við frágang á svæðinu. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 30/2013 um náttúruvernd að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skuli leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfis vatnsins. Stofnunin mælist til þess að leitast sé við að tryggja vernd náttúrulegs bakkagróðurs Varmár við hönnun stígsins og ekki verði nýttar ágengar tegundir eða tilbúin áburður við frágang svæðisins að framkvæmdum loknum

Virðingarfyllt

René Biasone
sérfræðingur

Þórdís Vilhelmina Bragadóttir
sérfræðingur